

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Andvara

10.12.2013

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Afgreiðsla reikninga félagsins
3. Kjósa stjórn skv. 6.grein félagsins
4. Ákveða árgjald
5. Val á ræktunarmanni ársins
6. Önnur mál

Árskýrsla 20.11.2012 – 10.12.2013

Aðalfundur var haldinn í félagsheimili Andvara 20.11.2012. 11 félagsmenn mættu á fundinn en í deildina eru skráðir 43 meðlimir. Í aðalstjórn til 3ja ára var kjörinn Hannes Hjartarson og í varastjórn til 3ja ára Guðjón Árnason. Fyrir sátu í aðalstjórn Kristinn Hugason frá 2011 og Sveinn Gaukur Jónsson frá 2010. Fyrir sátu í varastjórn Guðjón Tómasson frá 2011 og Gunnar Már Þórðarson frá 2010. Hilmar Sæmundsson var kjörinn ræktunarmaður ársins fyrir ræktun sína á stóðhestinum Grím frá Efsta Seli IS2006186644 sem fékk í einkunn B: 8.46 H: 8.38 AE.: 8.41. Hæsti dæmda hross í eigu félagsmanns var hins vegar Krókur frá Ytra-Dalsgerði IS2006165794 –ræktandi og eigandi Kristinn Hugason. Einkunn B:8.66, H: 8.56 AE:8.60, dómur frá LM2012. Kristinn var ekki tilnefndur þar sem hann hafði ári áður verið tilnefndur ræktunarmaður 2011 út á Krók.

Félagsstarf:

Ræktunardagur H.A. 09.02.2013.

Forskoðun kynbótahrossa var eins og undanfarin ár í umsjón Kristins Hugasonar. Mætt var með 22 hross, 15 hryssur og 7 ógelta hesta. Aldrei áður hefur jafn mörgum hrossum í eigu félagsmanna verið spáð byggingareinkunn yfir 8

Úrslit í forskoðun kynbótahrossa H.A. 2013.

Hestar:

1. IS2009188691 Vökull frá Efri-Brú. Brúnn. F: Arður f. Brautarholti. M: Kjalvör frá Efri-Brú. Ræktandi Böðvar Guðmundsson. Eigandi Hafsteinn Jónsson . Forspá 8.33.
2. IS2009186397 Barón frá Bala 1. Móalóttur. F: Stæll f. Neðra-Seli M: Beta f. Forsæti. Ræktandi: Kristinn Hákonarson. Eigandi: Viggó Sigursteinsson. Forspá. 8.31.
3. IS2008184174 Hvinur f. FornuSöndum. Brúnn. F: Sær f. Bakkak., M: Svarta-Nótt f. Fornu-Sönd. Ræktandi og eigandi Tryggvi Geirsson. Forspá 8.21.

Hryssur:

1. IS2007258445 Þóra f. Enni. Brúnskjótt. F: Tór f. Auðsholtshjáleigu. M: Kolka f. Enni Ræktandi: Harldur og Eindís í Enni. Eigandi: Sigurður Ólafsson. Forspá: 8.29
2. IS2008284173 Hrafninn f. FornuSöndum. Brún. F: Þorsti f. Garði, M: Kolfinna f. FornuSöndum Ræktandi og eigandi: Axel Geirsson. Forspá: 8.13
3. IS2008288430 Mjallhvít f. Efri Brú. Hvítleirljós. F: Máni f. Efri Brú. M: Þerna f. Sælukoti Ræktandi og eigandi: Margeir Ingólfsson. Forspá 8.13.
4. IS2007288646 Áróra f. Unnarsholti. Rauð. F: Gári f. Auðsholtshjáleigu. M: Glefsa f. Brú Ræktandi og eigandi: Einar Ásgeirsson

Sviðamessa á vegum Jóns Ó. Guðmundssonar fór fram í hádeginu. Að vanda vel útlátið. Jonni klikkar ekki. Undir borðhaldi héldu þeir bræður Þorvaldur Árni Þorvaldsson og Ólafur H Einarsson á Hvoli fyrirlestur um ræktun og þjálfun kynbótahrossa a og kom margt áhugavert og gagnlegt fram. Þeir voru síðan dómara á folaldasýningu.

Folaldasýning í reiðskemmu Kjóavalla .Dómarar Ólafur H Einarsson og Þorvaldur Árni Þorvaldsson.Mætt var með 9 hryssur og 18 hestfolöld. Þeir gáfu stig fyrir annars vegar fyrir byggingu og hins vega fyrir hreyfingar og fas. Allt vísindalega unnið.

Úrslit á folaldasýningu H.A. 09.02.2013.

Hestar:

1. IS2012186613 Völsungur f. Hamrahóli. Brúnskjóttur.F:Álfur f.Selfossi,M:Ósk f.Hamrahóli. Ræktendur : Guðjón Tómasson og Valgerður Sveinsdóttir, Eig: Valgerður Sveinsdóttir
2. IS2012181803 Viljar f. Haga. Jarpur. Framherji f. Flagbjarnarholti, M: Blika f. Haga Ræktandi og eigandi: Hannes Hjartarson
3. IS2012181800 Úlfar f. Haga. Brúnn. F: Framherji f. Flagbjarnarholti, M:Melkorka f. Hnjúki Ræktandi og eigandi: Þórir Hannesson

Hryssur:

1. IS2012281806 Dagrún f. Haga. Rauðblesótt. F: Fláki f. Blesastöðum 1A,M:Gjöf f. Hvoli Ræktandi: Þórunn Hannesdóttir. Eig: Þórunn Hannesdóttir og Sveinbjörn Bragason.
2. IS2012225182 Viðja f. Vindhóli. Brún. F:Víðir f. Prestbakka. M:Freyja f. Flögu. Ræktandi og eigandi: Anna Bára Ólafsdóttir.
3. Gjöf f. Jörfa. Brúnskjótt. F: Kári f. Mosfellsbæ. M: Skjóna f. Ægisíðu. Ræktandi og eigandi Valur Jónsson

Vísindaferð Hrossaræktarfélagss Andvara 23.03.2013.

Fjölmennasta ferð í sögu félagsins, samtals 49 manns. Byrjað var á því að heimsækja Guðjón Árnason og fjölskyldu á Fluguskeiði 4 í Hafnarfirði. Stórglæsilegt hesthús með frábærri inniaðstöðu. Vel á móti fólki tekið með veitingum. Næst var heimsóttur Kiddi í Barka á Laugarbökkum. Einnig þar frábær aðstaða fyrir hross og fólk með stórra inniaðstöðu, miklar veitingar og fljótandi nesti sent með í rútunni. Tamningamaðurinn Janus sýndi okkur gæðahryssu. Þá tók við hádegisverður á Hestakránni, hefðbundið hakkabuff með lauk og spæleggi, bumbur þöndust út. Í Hrosshaga tóku Sólon Morthens og Þórey vel á móti okkur, hann ríðandi á glæsihryssu á móti rútunni uppað vegi, síðan aðstaða sýnd og vel veitt. Næst tóku mæðgurnar í Fellskoti á móti okkur ríðandi á góðum hestum, sýndu okkur góða aðstöðu, folöld sýnd í gerði og kaup fóru fram. Og áfram var dælt veitingum í ferðalanga. Þá var haldið að Jaðri til Agnars og Krissu. Sýndur Stígandi frá Stóra Hofi og 2 glæsi afkvæmi undan honum. Auk þess aðstaðan kynnt þ.m.t. vinsæll hlaupa-þjálfunarhringur 5 km í fjalllendi sem helstu tamningamenn Suðurlands nýta sér. Áfram héldu veitingar að streyma í bumbur ferðalanga. Loks buðu þau Gunnar Már og Kolbrún okkur í Votumýri, dældu óspart í mannskapinn, stóðið sýnt og verðandi inniaðstaða fyrir hross. Frábærri ferð lauk svo um kl 21, allir hressir og kátir og einn folaldi ríkari.

Unghrossakeppni Spretts 26.04.2013.

Kept var á Metamótsbrautinni – beinu skeiðbraut Andvara sem brátt breytist í upphitunarvöll fyrir nýja glæsilega velli Spretts í Skeifunni. Dómari var Sigurður Ævarsson.

Úrslit:

1. Bjartur frá Haga IS 2008181802 Einkunn: 8.17
Eigandi: Ingibjörg Þórisdóttir
Knapir: Þórir Hannesson
2. Gjöll frá Ytra Dalsgerði IS 2008265791 Einkunn 7.79
Eigandi og knapir Kristinn Hugason
3. Þorri frá Reykjavík IS 2008125499 Einkunn 7.47
Eigandi: Silja Unnarsdóttir
Knapir: Hans Þór Hilmarsson

Kynbótasýningar: Svo virðist sem félagsmenn hafi sýnt færri hross á kynbótabrautinni í ár en á undanförunum árum. Gerð verður grein fyrir þeim bestu í sambandi við val á ræktunarmanni ársins.

Hannes Hjartarson formaður

Ársreikningur 01.01.2012 – 31.12.2012.

Rekstraryfirlit:

Gjöld:

Þjónustugjöld:	15.387.	
Fjármagnstekjuskattur:	176.	
Vísindaferð Hópbílar:	99.000.	
Ræktunardagur – fyrirlestur og verðlaun	44.060.	
	Samtals kr:	158.623.

Tekjur:

Fargjald í Vísindaferð:	99.000.	
Félagsgjöld:	47.561.	
Innvextir:	884.	
	Samtals kr:	147.445.

Rekstrartap: 11.178.

Efnahagsreikningur:

Reikn: Arion banki 0324-26-006101	162.849.
Eigið fé í upphafi reikingsárs:	174.027.
Rekstrartap:	11.178.

